

Reglur Garðabæjar um veitingu starfsleyfis fyrir einkarekna leikskóla

Samkvæmt 25. gr. laga um leikskóla nr.90/2008 getur bæjarstjórn leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla.

Almenn skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis leikskóla í Garðabæ er að hann starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995, leiðbeiningum aðalnámskrár frá árinu 1999 og skólastefnu Garðabæjar.

Skilyrði fyrir starfsleyfi eru eftirfarandi:

1. Uppeldis- og menntastefna leikskólans, sbr. 14. gr.
2. Upplýsingar um starfsmannahald, sbr. 8. gr.
3. Upplýsingar um húsnæði og lóð, sbr. 12. gr.
4. Upplýsingar um fjölda barna og opnunartími leikskólans, sbr. 12. gr.
5. Áætlun um mat og gæði skólastarfsins, sbr. 18. gr.
6. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 21. og 22. gr.
7. Staðfesting á tryggingavernd
8. Vottun Vinnueftirlits
9. Úttekt Eldvarnaeftirlits
10. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits

Bæjarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi.

Rekstraraðila er skylt að láta bæjarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits sbr. 19. gr. Bæjarstjórn Garðabæjar veitir leyfi til einkaaðila vegna reksturs leikskóla að fenginni umsögn leikskólanefndar Garðabæjar.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
18. desember 2008*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*